

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 14. september 2020  
UST202007-078/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Kópasker**


Þann 2. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Kópasker. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 500 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 519 tonn af úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfisins.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar um daglega uppgufun. Skráningar vegna þessa lágu ekki fyrir við eftirlit.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. október, 2020.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Kópasker urðun við Kópasker



|                            |                        |                                |                         |
|----------------------------|------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 2.6.2020               | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Sigríður Magnúsdóttir   |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Norðurþing - Kópasker  | <b>Eftirlitsmaður</b>          |                         |
| <b>Heimili</b>             | Ketilsbraut 9          | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið             |
| <b>Kennitala</b>           | 640169-5599            | <b>Flokkur</b>                 | Úrgangur og efnamóttaka |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Smári Jónas Lúðvíksson | <b>ÍSAT nr.</b>                | 38.21.0                 |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                        | <b>Staðsetning</b>             | 615746,542 649342,948   |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða skil á skráningum og magn úrgangs til urðunar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Kópasker og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja
5. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Farið var yfir stöðuna á urðunarstaðnum með rekstraraðila. Heimilt er að urða þar 500 tonn af úrgangi en á undanförunum árum hefur verið farið nokkuð fram úr heimildum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hófst flokkun úrgangs í sveitarfélaginu um mitt ár 2019 og hefur því almennt dregið úr þeim úrgangi sem þarf að urða. Ástæðan fyrir framúrkeyrslunni hafi verið 52 tonn af óvæntum rekstrarúrgangi frá fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Í síðasta eftirliti komu fram tvö frávik er varða skil á skráningum og magn úrgangs. Rekstraraðili hefur bætt úr vegna skráninga en enn vantar þó skil vegna daglegrar uppgufunar.

Kynnt var áhættumat Umhverfisstofnunar vegna tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða úr frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumatið var fyrst unnið 2019 og féll urðunarstaðurinn við Kópasker í eftirlitsflokk C sem gerir reglubundið eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Kynnt voru drög að verklagsreglum um urðun sóttmengaðra dýrahæja sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa unnið að í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneldis.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 500 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 519 tonn af úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfisins.

gr. 5.1 í starfsleyfi

Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar um daglega uppgufun. Skráningar vegna þessa lágu ekki fyrir við eftirlit.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.09.2020

*Sigríður Magnúsdóttir*

---

Sigríður Magnúsdóttir

bis. 4